

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Halldór Ásgrímsson, Ásgeir Bjarnason,
Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma tvær nýjar greinar:

- a. (14. gr.) Fé opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Tryggingastofnunar ríkisins, sjóðs Brunabótafélags Íslands, Söfnunarsjóðs Íslands og annarra sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, svo og fé ómyndugra manna skal að nokkrum hluta verja til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Búnaðarbankans, og ákveður ríkisstjórnin árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér reikingsskil hlutaðeigandi sjóða.

Ríkisstjórnin gerir sérstakan samning við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbréfum veðdeildarinnar, er nemi allt að 10 milljónum króna á næstu 5 árum.

- b. (15. gr.) Auk þess fjár, sem talið er í 13. gr., skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1954 og 2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1955. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefnast frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsg. þessarar greinar skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

- a. Að veita efnalitlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.
- b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsg., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en $\frac{2}{3}$ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánnum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Búnaðarbankinn er eina bankastofnunin í landinu, sem gegnir því hlutverki að veita lán til bygginga og ræktunar í sveitum, og veðdeild bankans er ætlað það hlutverk að veita lán vegna jarðakaupa. En fjármagn Búnaðarbanksins er of takmarkað. Af þeim sökum hefur Ræktunarsjóður ekki getað veitt lán til allra framkvæmda, sem honum er heimilt að styðja, og ekki er sjáanlegt, að sjóðurinn geti fyrst um sinn sinnt að fullu því fjölpætta hlutverki, sem honum er þegar falið með lögum.

Tilgangur þessa frv. er að auka starfsfé veðdeildar Búnaðarbanka Íslands með því að tryggja á þann hátt, sem þar er gert ráð fyrir, sölu á verðbréfum deildarinnar. Er ætlað til, að þetta verði gert með því að setja nú í þann kafla Búnaðarbankalaganna, sem um veðdeildina fjallar, svipuð ákvæði og áður voru í lögum um Ræktunarsjóð Íslands (27. gr. laganna frá 1935), um að opinberir sjóðir kaupir verðbréfin samkv. nánari ákvæðum ríkisstjórnarinnar og að samið verði við Landsbanka Íslands um verðbréfa kaup að tilteknu marki, enda keypti Landsbankinn á sínum tíma jarðræktarbréf samkv. fyrrnefndum ákvæðum. Var þá gert ráð fyrir bréfa kaupum allt að 1.4 millj. kr. af hans hálfu, en hér er gert ráð fyrir 10 millj. með tilliti til breytinga, sem síðan hafa orðið á gildi peninga.

Enn fremur eru hér að nýju bornar fram tillögur um aukið starfssvið veðdeildar Búnaðarbankans og sérstakt framlag til veðdeildarinnar á næstu árum í því skyni, svo að frumbýlingar geti átt kost á fjárhagslegri aðstoð við að koma upp atvinnurekstri í sveitum landsins.

Í greinargerð, sem fylgdi frv. um sama efni, er flutt var á síðasta þingi, segir svo: „Samkvæmt manntali 1. des. 1950, voru 144263 íbúar í landinu. Á síðastliðnum áratug hefur því mannfjöldinn vaxið um 22789 menn eða sem svarar 18.7 af hverju hundraði landsmanna. Öll fjölgun þjóðarinnar á þessum tíu árum hefur lent í kaupstöðum, því að í sýslum hefur fækkað um 750 menn á þessu tímabili. Frá 1940—1950 hefur fólki fjölgað í Reykjavík um 17900 eða um 47 af hundraði, í Hafnarfirði um 1379 eða 37 af hundraði, í Keflavík um 1045 eða 78 af hundraði og á Akranesi um 747 eða 41 af hundraði. Þessar tölur sýna, að í fjórum kaupstöðum við Faxaflóa hefur íbúatala vaxið svo á tíu árum, að það samsvarar nær allri fólksfjölgun í landinu á sama tíma. Orsakir þess eru af ýmsum toga spunnar, en sú er ekki veigaminnst, að til þessara staða, einkum Reykjavíkur, hefur dregið miklu meira fjármagn en önnur héruð eiga yfir að ráða. En afleiðingin verður jafnvægisleysi, sem veldur miklum erfiðleikum og truflun á eðlilegum viðskiptum, skorti á húsnæði, kapphlaupi um þær íbúðir, sem á boðstólum eru, hærri húsaleigu en hóflegt er.

Gæði lands og sjávar eru ekki bundin við einn landshluta einvörðungu. Ef framhald verður á því, að æ fleira fólk sezt að í fáum kaupstöðum, en aðrar byggðir standa í stað eða dragast saman, leiðir það til þess, að fleiri og fleiri aðilar hverfa frá framleiðslustörfum, sem eru undirstaða þjóðarbúsins, og að öðrum atvinnugreinum. Tvisýnt verður og um atvinnuhorfur, þar sem fjölmennið er mest, ef að krepptir og samdráttur verður á erlendu fjármagni, sem þjóðin nýtur góðs af.

Allstór hluti af stríðsgróðanum fór til sjávarútvegsins. Um þær mundir var þeirri skoðun á loft haldið, að þjóðin ætti fyrst og fremst að kosta kapps um að efla sjávarútveginn. Framleiðslu landbúnaðarafurða ætti að miða við innlendan markað eingöngu. En reynslan sannar því miður, að svipull er sjávarafli. Síldveiði er stopul, verksmiðjur standa lítt notaðar, og aflaleysi er á miðum fiskibáta á stórum svæðum. Drautaráðið er að sækja á fjarlæg mið, jafnvel til Grænlands, á stórum skipum með fullkomnum veiðitækjum. En því stórvirkari sem veiðarfærin verða og því víðara sem farið er til fanga, þeim mun meiri hætta er fiskstofninum búin.

Þegar á þetta er litið, er augljóst, að það er fyllilega tímabært að gera ráðstafanir, sem miða að því að auka jafnvægi í búsetu landsmanna og að því að efla landbúnaðinn, gera þeim fært, sem vilja hefja búskap í sveit, að fá hófleg lán með hagkvæmum kjörum til að koma fótum undir atvinnureksturinn. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.“